

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendi ríkisarfa í fjærvist konungs, undirskrifuð af konungi 10. septbr. 1906 (A nr. 14, bls. 62—63).

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aptur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 13. s. m. (A nr. 15, bls. 64—65).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendi ríkisarfa í fjærvist konungs, undirskrifuð af konungi 18. nóvbr. 1906 (A nr. 16, bls. 66—67).

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aptur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 21. s. m. (A nr. 17, bls. 68—69).

Brjef stjórnarráðsins til biskups um sölu kirkjujarða o. fl. **138.**

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans hátign konungin- 15. sept.
um 19. júlí þ. á. allramildilegast þóknazt að veita allrahæzt samþykki sitt til þess að selja megi undan Tröllatunguprestakalli í Strandaprófastsdæmi jarðirnar Tröllatungu, Fell og Tungugróf fyrir samtals 9200 kr. og til þess að kaupa megi handa tjeðu prestakalli jarðirnar Kollafjarðarnes og Hvalsá í Kirkjubólshreppi fyrir samtals 10000 kr., og þartil nota andvirðið fyrir hinar seldu jarðir, með því skilyrði, að Tröllatunga, Fell og Tungugróf framvegis verði skoðaðar sem bændajarðir að því er skatta og skyldur snertir, en Kollafjarðarnes og Hvalsá sem kirkjujarðir.

Þetta er yður, háæruverðugu herra, hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari aðgerða, að því viðbættu, að stjórnarráðið samkvæmt tillögum yðar, og ályktun hjeráðsfundar í Strandaprófastsdæmi 10. septbr. f. á., veitir samþykki sitt til þess, að lagðar verði niður í Tröllatunguprestakalli kirkjurnar í Tröllatungu og á Felli og sameinaðar báðar sóknirnar í eina, og að í stað nefndra kirkna verði byggð kirkja á Kollafjarðarnesi, sem sje sæmileg og hæfilega stór fyrir hinar sameinuðu sóknir, eptir nákvæmari ráðstöfun og undir umsjón hlutaðeigandi prófasts, svo veitir og stjórnarráðið leyfi til þess að tekið verði handa Tröllatunguprestakalli eptir yðar nánari ákvörðun 800 kr. embættislán, er ásamt þeim 9200 kr., sem fást við væntanlega sölu á ofangreindum kirkjujörðum, notist til þess að kaupa fyrir Kollafjarnes og Hvalsá.